

Fréttapistill frá forseta Íslands

4. apríl 2020

Í þeirri viku, sem nú er senn liðin, létust tveir til viðbótar hér á landi af völdum veirunnar skæðu. Fyrir hönd okkar Elizu votta ég ástvinum þeirra innilega samúð. Og enn skulu ítrekaðar þakkir til allra þeirra sem standa núna í ströngu við að vernda líf og heilsu fólks. Að viku liðinni, á páskadag, mun ég ávarpa ykkur með formlegri hætti, ágætu landar mínir. En hér kemur að venju vikupistill.

Sem fyrr veldur samkomubannið því að slegið er á frest fundum og ferðum, viðburðum og mannfögnuðum. Nánast af handahófi nefni ég hér karlahlaup Krabbameinsfélagsins og frumsýningu heimildarmyndar um Brynjar Karl Titanic-smíð á degi einhverfunnar í fyrradag. Nú þegar svo margt er farið úr föstum skorðum skulum við muna að einhverfum hugnast öll röskun einatt illa. Vonandi tekst fólki að mæta þeim vanda eftir bestu getu. Þá þurfti að fella niður Nótuna – uppskeruhátíð tónlistarskólanna sem ég hafði hlakkað til að sækja. Sama máli gegnir um alþjóðahátíð þeirra sem leika sér í EVE Online leik CCP og hér á Bessastöðum stóð til að hafa móttöku vegna Hönnunarmars.

Hefði allt verið með felldu hefði ég jafnframt sótt ungmennaráðstefnu UMFÍ á Laugarvatni og alþjóðþing í Japan um jafnrétti kynjanna. Allt þetta verður að bíða betri tíma. Úti í heimi herjar veiran enn. Í dag er í Kína opinber sorgardagur. Af því tilefni sendi ég kínversku þjóðinni samúðar- og stuðningskveðjur.

Þá hef ég sent hlýjar óskir til grannþjóða okkar, Færeyja og Grænlandinga og sömuleiðis til Vestur-Íslendinga. Sú kveðja birtist í blaði þeirra, Lögbergi-Heimskringlu, og lokaorðin eru svohljóðandi: „Sadly, journeys between countries have all but stopped for the time being, and curfews or severe restrictions on people’s movements within states have been put in place. But this disorder will not last. Ultimately, we will conquer the virus. Let us look forward to a future where free citizens can again converge and cooperate, travel and enjoy each other’s company, to the benefit of all humankind.“

Í vikunni tók ég glaður þátt í þjóðaráttakinu „Tími til að lesa“ sem snýst um að lesa sér til yndis og fróðleiks – og setja jafnvel heimsmet á þeim vettvangi. Lestur er ljúfur, styttir stundir, eykur vit og örvar sköpun. Ég fór aðeins yfir þau mál í kynningar- og hvatningarkveðju sem hægt er að horfa á hér:

<https://www.facebook.com/timitiladlesa/videos/145586590226092/>.

Að lokum minni ég alla á að fara eftir tilmælum og leiðbeiningum okkar ágætu forystusveitar í almanna- og veiruvörnum. Við þurfum að þvo okkur vandlega um hendur, virða tveggja metra mannhelgi utan heimilis og fylgja öllum reglum um sóttkví og einangrun þar sem það á við. Og nú þegar dymbilvikan og páskar eru fram undan bætist við sú skýra ósk Víðis, sem allir hlýði, að ferðast aðeins innanhúss. Verum skynsöm. Verum öll í sama liði. Verum hluti lausnarinnar, ekki vandans.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar, kærur landsmenn.

